

Stjórnarfundur Leiknar

Dagsetning: 10. apríl 2025. **Tími:** 12.00 – 13.00. **Staðsetning:** Mímir /TEAMS

Mætt: Guðrún Vala Elísdóttir, Björn Garðarsson, Þórunn Grétarsdóttir, Helen Gray, Vigdís Þyri Ásmundsdóttir. **Forföll:** Kjartan Jónsson, Bergþóra Guðjónsdóttir

1. Fyrirkomulag fræðsluerinda

- **Kynning frá VIRK**

- Dagsetning: 28. maí kl. 15:00
- Fyrirlesari: Guðrún Rakel Ólafsdóttir, sviðsstjóri forvarna
- Efni: Kynning á verkefninu *Velvirk – vellíðan í vinnunni*, sérstaklega miðuð að starfsfólki í fræðslustarfsemi.

- **Verkaskipting:**

- Þórunn útbýr auglýsingu í Canva.
- Helen athugar hvernig best sé að haga skráningu, auglýsa (t.d. á Facebook) og senda fundarboð á skráða þátttakendur.

2. Heimasíðan

- Guðrún Vala hefur samband við Aron varðandi uppfærslu á vefsíðunni:
 - Endurbætur á útliti og einfalda síðuna.
 - Fá tillögur frá Aroni um efni síðunnar.
 - Athuga hvort Aron geti útbúið leiðbeiningar um hvernig setja á inn efni á síðuna, t.d. fundargerðir, fréttir og tölvupóstsendingar.
 - Hugsanlega kemur Aron á næsta eða þarnaæsta fund og kynnir tillögur sínar.
- Tillaga um að halda áfram að birta fréttir á síðunni – ein frétt á mánuði og deila ábyrgð þeirra á milli starfsmanna.

3. Microsoft Teams reikningur

- Hugmynd um að kaupa Microsoft Teams aðgang fyrir Leikni til að halda utan um vinnu stjórnar.
- Guðrún Vala hefur samband við Aron til að kanna málið.

4. Ferð til Eistlands

- *Baltic and Nordic Adult Education Umbrella Organisations Meeting* í Tallinn, 12.–13. maí.
- Guðrún Vala hefur áhuga á að fara, skoðar hvort það gangi upp.
- Heyrir í Bergþóru til að kanna áhuga hennar.
- Ef ferðin verður ákveðin bókar Guðrún Vala flug og hótél og sendir reikning til Vigdísar.

5. Aðalfundur

- **Undirbúningur:**

- Þarf að útbúa ársskýrslu og ársreikning – Helen og Vigdís.
- Dagsetning fundar: Þriðjudagurinn 27. maí.

- Þórunn sér um að útbúa auglýsingu.
- Auglýsing verður birt á Facebook – þarf að gera það með tveggja vikna fyrirvara.
- **Stjórnarmál:**
 - Vigdís hættir í stjórn.
 - Helen hefur samband við Bergþóru og Kjartan til að kanna hvort þau haldi áfram.
 - Rætt var um mögulega frambjóðendur til stjórnarsetu. Helen tekur að sér að heyra í þeim aðilum sem nefndir voru.
 - Tillaga: Stjórnarseta verði í tvö ár.

6. Fundur í ráðuneytinu í haust

- Hulda verður áfram tengiliður.
- Helen hefur samband við hana til að athuga með fund.

7. Styrkumsókn

- Ekki fékkst styrkur frá Vinnu- og félagsmálaráðuneytinu vegna vefsíðu- og auglýsingamála.
- Vinna stendur yfir við að færa málaflokkinn undir annað ráðuneyti.
- Miklar sparnaðaraðgerðir eru hjá hinu opinbera um þessar mundir.

Sæl, hjá lagt eru drög af dagskrá og skýrslu stjórnar. Endilega komið með athugasemdir sem fyrst. Verðum að koma auglýsingunni út í síðasta lagi 13/5.

Það munu allir halda áfram í stjórn nema Vigdís.

Ég talaði við Oddgeir hann er til í að koma í stjórn en sem varamaður.

Eins og Guðrún Vala benti réttilega á þá skiptir ný stjórn með sér verkum.

Kv.í bili;)

Helen

Frá síðasta fundi

Tillaga	Aðgerðir	Hver	Hvenær
Fjölgun félagsfólks í Leikn	Setja saman óskalista yfir mögulega aðila, hafa til hliðsjónar https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/framhaldsfraedsla-og-simenntun/listi-yfir-vidurkennda-fraedsluadila/ og skilgreina þátttöku og ávinning. Formanni falið að semja texta og senda á fyrstu aðila þegar fræðsludagskrá hefur verið kynnt.	Helen	Óákveðið
Þátttaka í stjórn EAEA European Elections Lab	Staðfest að félagsaðild hefur verið greidd.	Helen	Lokið
Umsókn um styrk hjá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu	Beðið eftir niðurstöðu umsóknar. Ef styrkur fæst verður hann nýttur til að uppfæra heimasíðu félagsins.	Helen	Lokið
Hlaða upp fundargerðum á heimasíðu	Þórunn sendir Guðrúnu Völu fundargerðir eftir samþykkt. Guðrún Vala hleður upp á heimasíðu.	Þórunn og Guðrún Vala	Eftir samþykkt fundargerða
Facebook-síða Leiknar	Stjórnarmenn séu virkir og deili áhugaverðu efni. Rætt hvort fleiri ættu að fá admin aðgang.	Stjórn	
Erasmus+ umsókn KA1	Umræða um hvort við höldum áfram með umsókn. Ákveðið að sækja ekki um í ár. Einbeita okkur að því að koma í gang fræðsludagskrá, uppfærslu heimasíðu og Facebooksíðu samtakanna.	Stjórn	2026
Fræðsludagskrá – Tillögur	Stefnt að tveimur fræðsluerindum fyrir sumarfrí: Mars - Fræðslumiðstöð atvinnulífsins kynnir „Færni á vinnumarkaði“ (Guðrún Vala hefur samband). Maí - Virk – vellíðan á vinnustöðum/Kulnun , tækifæri í fræðslu (Helen hefur samband).	Guðrún Vala og Helen	mars og maí

Þýðing á Manifesto	Helen hefur þýtt styttri útgáfuna og sent Guðrúnu Völu til yfirlstrar. Vinna heldur áfram.	Helen og Guðrún Vala	Lok mars
Önnur mál	Heimsókn til lðan frá Norðurlöndunum í tengslum við Nordplus verkefni, 26. mars kl. 13-16 hjá lðunni. Gæti verið áhugavert fyrir Leikn að taka þátt.	Helen	26. mars